



REGLUR

um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar með strætisvögnum Reykjavíkur og akstur nemenda með hópþingum

1. gr.

Nemendur sem sækja skóla í sínu skólahverfi eiga þess kost að fá ókeypis farmiða sé vegalengdin frá heimili að skóla meiri en 1,5 km fyrir nemendur í 1.-5. bekk og 2 km fyrir nemendur í 6.-10. bekk. Miðað er við skemmstu gönguleið. Nemendur sem að tilstuðlan Menntasviðs sækja skóla utan hverfis eiga þess einnig kost að fá ókeypis farmiða og skulu viðmiðunarmörk um vegalengd vera hin sömu.

2. gr.

Nemendur sem að eigin ósk sækja skóla utan síns hverfis eiga ekki rétt á ókeypis farmiðum. Þó er heimilt að afhenda þeim nemendum, sem flust hafa milli skólahverfa, en óska eftir að sækja sinn fyrri skóla út yfirstandandi skólaár, ókeypis farmiða að hálfu.

3. gr.

Þurfi nemendur að sækja lögboðna kennslu utan skólahverfis skal afhenda þeim ókeypis farmiða ef vegalengdin er meiri en 1,5 km fyrir nemendur í 1.-5. bekk og 2 km fyrir nemendur í 6.-10. bekk. Ef ekki er mögulegt að nota almenningssamgöngur við þessar aðstæður skal koma á reglubundnum skólaakstri.

4. gr.

Heimilt er að koma á reglubundnum skólaakstri til lögboðinnar kennslu utan skólahverfis verði því ekki við komið að nota almenningssvagna, m.a. vegna stundaskrárgerðar. Einnig skal nemendum ekið með hópþingum þurfi þeir á leið sinni til að sækja lögboðna kennslu utan skólahverfis, að fara yfir fjögurra akreina götur þar sem umferðarþungi er mikill og engar sérstakar ráðstafanir eru gerðar til þess að hindra umferðarhraða og/eða aðstoða gangandi vegfarendur.

5. gr.

Skólastjóri hvers skóla ber ábyrgð á afhendingu farmiða. Hann skal sjá til þess að nafnalisti um afhendinguna berist til Menntasviðs með hverjum reikningi frá Strætó bs.

6. gr.

Skólastjórar skulu senda tillögur sínar um reglubundinn skólaakstur til Menntasviðs fyrir 15. ágúst vegna komandi skólaárs. Ákvörðun um akstur með hópþingum skal tekin í samráði viðkomandi skólastjóra og Menntasviðs. Skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd reglubundins skólaaksturs samkvæmt samþykktu skipulagi.

Á fundi menntaráðs 3. nóvember 2005 var samþykkt að heimila Menntasviði að gera undanþágu um vegalengd þar sem um mjög erfiðar gönguleiðir er að ræða, svo sem þungar umferðargötur, bersvæði og illa lýstar leiðir.